

Stjórnarfundur KSÍ 31. janúar 2019

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Tillaga að breytingu á hugtaksskilgreiningu í tölulið 9 og greinum 10.1.1., 10.1.2., 10.1.3., 16.3. og 16.4.

Breytingar á tölulið 9 og á greinum 10 og 16

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Lagt er til að greinar 10.1. og 10.2., sem eru svohljóðandi:

10. gr. *Félagaskipti*

10.1. Félagaskipti leikmanna eru heimil sem hér greinir:

- 10.1.1. Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á keppnistímabilinu. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum, sbr. þó ákvæði um tímabundin félagaskipti í 16. grein og ákvæði um 4. aldursflokk eða yngri í grein. 10.1.4. Undanþága skal veitt frá þessu þegar leikmaður skiptir um félag á milli landa, og keppnistímabil þeirra skarast þannig að í öðru landinu er tímabilið vor/haust en í hinu haust/vor. Þegar slíkt á við er leikmanni heimilt að leika í opinberum knattspyrnuleikjum með þremur félagsliðum á keppnistímabilinu svo fremi sem öðrum skuldbindingum sé fullnægt.
- 10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á tímabilinu 21. febrúar – 15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 1. – 31. júlí. Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein eða félagaskipti leikmanns í 4. aldursflokki eða yngri sbr. grein 10.1.4
- 10.1.3. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil nema fyrir ósamningsbundna leikmenn í yngri aldursflokkum (innanlands og á milli landa) og þegar leikmaður á tímabundnum félagaskiptum skiptir um félag, en þó aldrei eftir 31. júlí til loka keppnistímabilsins.

verði svohljóðandi:

10. gr.
Félagaskipti

10.1. Félagaskipti leikmanna eru heimil sem hér greinir:

- 10.1.1. Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á keppnistímabilinu. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum, sbr. þó ~~ákvæði um tímabundin félagaskipti í 16. grein og~~ ákvæði um 4. aldursflokk eða yngri í grein. 10.1.4. Undanþága skal veitt frá þessu þegar leikmaður skiptir um félag á milli landa, og keppnistímabil þeirra skarast þannig að í öðru landinu er tímabilið vor/haust en í hinu haust/vor. Þegar slíkt á við er leikmanni heimilt að leika í opinberum knattspyrnuleikjum með þremur félagsliðum á keppnistímabilinu svo fremi sem öðrum skuldbindingum sé fullnægt.
- 10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á tímabilinu 21. febrúar – 15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 1. – 31. júlí. Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um ~~tímabundin félagaskipti~~ er að ræða ~~sbr. 16. grein eða~~ félagaskipti leikmanns í 4. aldursflokki eða yngri sbr. grein 10.1.4
- 10.1.3. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil nema fyrir ósamningsbundna leikmenn í yngri aldursflokkum (innanlands og á milli landa) ~~og þegar leikmaður á tímabundnum félagaskiptum skiptir um félag, en þó aldrei eftir 31. júlí til loka keppnistímabilsins.~~

Lagt er til að grein 16.3., sem er svohljóðandi:

16. gr.
Tímabundin félagaskipti

- 16.3. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og skal telja frá þeim degi sem keppnisleyfi er gefið út. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu frá og með 1. ágúst fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 16. október sama ár. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera 12 mánuðir en lokadagsetning skal eigi vera síðar en 15. október. Heimilt skal að stytta tímabundin félagaskipti sem skráð hefur verið en þó skal lágmarkstími ævinlega vera 1 mánuður. Í slíku tilfelli skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um tímabundin félagaskipti jafngildir tilkynningu um félagaskipti bæði við upphaf láns og í lok lánstíma.
- 16.4. Tímabundin félagaskipti til Íslands skulu að lágmarki ná að næsta félagaskiptatímabili og skulu eiga sér stað innan félagaskiptatímabils.

verði svohljóðandi:

16. gr.
Tímabundin félagaskipti

16.3. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er á milli tveggja félagaskiptatímabila. ~~1 mánuður og skal telja frá þeim degi sem keppnisleyfi er gefið út.~~ Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu frá og með 1. ágúst fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 16. október sama ár. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera 12 mánuðir en lokadagsetning skal eigi vera síðar en 15. október. ~~Heimilt skal að stytta tímabundin félagaskipti sem skráð hefur verið en þó skal lágmarkstími ævinlega vera 1 mánuður.~~ Í slíku tilfalli skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um tímabundin félagaskipti jafngildir tilkynningu um félagaskipti bæði við upphaf láns og í lok lánstíma.

~~16.4. Tímabundin félagaskipti til Íslands skulu að lágmarki ná að næsta félagaskiptatímabili og skulu eiga sér stað innan félagaskiptatímabils.~~

Greinargerð:

Um er að ræða breytingu sem unnin er af laga- og leikreglnanefnd KSÍ í kjölfar yfirferð nefndarinnar á gildandi reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Tillagan er unnin eftir bréf sem KSÍ barst frá formanni ÍTF (Íslenskum Toppfótbolta) og snýr að tímabundnum félagaskiptum leikmanna á milli félaga hérlendis. Tillagan snýr nánar að því samræma reglur KSÍ sem snúa að tímabundnum félagaskiptum til samræmis við reglur FIFA þar um, sem eru bindandi hvað þetta varðar á alþjóðavísu. Lagt er til að lágmarkstími tímabundinna félagaskipta verði á milli tveggja félagaskiptatímabila, líkt og kveðið er á um í reglum FIFA. Þá er lagt til um leið að skýrar sé kveðið á um það að leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á hverju keppnistímabili og að á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum, hvort sem um er að ræða leikmann sem hefur skipt á milli félaga með varanlegum félagaskiptum eða tímabundnum félagaskiptum.

Nefndin velti því einnig upp hvort tók væru á að telja knattspyrnuleiki í Deildarbikarkeppni KSÍ ekki sem opinbera knattspyrnuleiki svo þeir leikir telji ekki með tilliti til ákvæðis 10.1.1. Það var hins vegar mat nefndarinnar að leikir í Deildarbikarkeppni KSÍ séu með vissu opinberir knattspyrnuleikir þar sem um sé að ræða mót sem skipulagt er af KSÍ.